



Áætlun um stafræna birtingu af hálfu ríkisaðila og sveitarfélaga í stafrænu pósthólfi

Innleiðingaráætlun þessi er birt í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögum um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda, [nr. 105/2021](#). Gert er ráð fyrir að innleiðing fari fram á tímabilinu 1. janúar 2022 til 1. janúar 2025. Í áætluninni kemur fram hvenær aðilum er í síðasta lagi ætlað að ljúka við að innleiða stafræna pósthólfið í starfsemi sinni. Með innleiðingu í þessu samhengi er átt við að opinberir aðilar tengi viðeigandi upplýsingakerfi stafræna pósthólfinu og birti þar gögn samkvæmt ákvæðum laganna.

Forgangsröðun fyrsta innleiðingarársins er annars vegar að fullklára innleiðingu með þeim stofnunum sem þegar hafa hafið birtingu í pósthólfinu. Hins vegar að vinna að innleiðingu með þeim stofnunum sem senda hvað mesta magn gagna frá sér.

Á árunum 2023 og 2024 er gert ráð fyrir að röð aðila í innleiðingu fylgi annars vegar skiptingu stofnana niður á ráðuneyti, hins vegar skiptingu sveitarfélaga eftir landshlutum. Mikilvægt er að opinberir aðilar séu meðvitaðar um innihald áætlunarinnar því gert er ráð fyrir sérstakri innleiðingavinnu með þeim aðilum sem tilgreindir eru hverju sinni.

Á öllu innleiðingartímabilinu munu opinberir aðilar sem tafarlaust vilja hefja innleiðingu stafræna pósthólfsins geta óskað eftir því, óháð fyrirliggjandi röðun í innleiðingaráætlun. Reynt verður að verða við slíkum óskum, eftir því sem tæk eru á, í samráði við viðkomandi ráðuneyti eða Samband íslenskra sveitarfélaga.

Áætlunin mun taka breytingum eftir því sem tilefni er til en markmið hennar er að innleiðingu stafræna pósthólfsins verði að fullu lokið eigi síðar en 1. janúar 2025 líkt og lög áskilja.

Árið 2022

Unnið verður að fullri innleiðingu stafræna pósthólfsins hjá þeim aðilum sem nú þegar nota pósthólfið til birtingar. Í fullri innleiðingu felst að birta allt efni sem löggin taka til í stafræna pósthólfinu. Jafnframt verður unnið að innleiðingu stofnana og sveitarfélaga sem óska eftir því að hefja innleiðingu stafræna pósthólfsins, eftir því sem tæk eru á.

Árin 2023 - 2024

Unnið verður að innleiðingu stafræna pósthólfsins hjá opinberum aðilum samkvæmt yfirliti hér fyrir neðan. Markmið innleiðingarvinnu með hverju ráðuneyti er að stofnanir þess hafi lokið fullri innleiðingu stafræna pósthólfsins á tilgreindum ársfjórðungi. Á sama hátt er markmið innleiðingarvinnu með Sambandi Íslenskra sveitarfélaga að tilgreind sveitarfélög hafi lokið fullri innleiðingu stafræna pósthólfsins á viðkomandi ársfjórðungi.

2023 – fyrsti ársfjórðungur: Fjármála- og efnahagsráðuneytið og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið og stofnanir þeirra.

2023 – annar ársfjórðungur: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og ferðamála-, viðskipta- og menningarmálaráðuneytið og stofnanir þeirra. Sveitarfélög á Suðurnesjum.

2023 – þriðji ársfjórðungur: Innanríkisráðuneytið og stofnanir þess. Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

2023 – fjórði ársfjórðungur: Félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytið og forsætisráðuneytið og stofnanir þeirra. Sveitarfélög á Austurlandi.

2024 – fyrsti ársfjórðungur: Heilbrigðisráðuneytið og stofnanir þess. Sveitarfélög á Vesturlandi.

2024 – annar ársfjórðungur: Mennta- og barnamálaráðuneytið og stofnanir þess. Sveitarfélög á Norðurlandi vestra.

2024 – þriðji ársfjórðungur: Innviðaráðuneytið, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og utanríkisráðuneytið og stofnanir þeirra. Sveitarfélög á Vestfjörðum.

2024 – fjórði ársfjórðungur: Sveitarfélög á Suðurlandi og Norðurlandi eystra

Framkvæmd innleiðingar

Stafrænt Ísland mun hafa yfirumsjón með innleiðingu stafræna pósthólfsins í samvinnu við ráðuneyti, stofnanir og sveitarfélög. Hlutverk Stafræns Íslands er að verkstýra innleiðingunni samkvæmt innleiðingaráætlun, veita ráðgjöf við tæknilega vinnu við að tengja upplýsingakerfi aðila við stafræna pósthólfið og leiðbeina aðilum varðandi notkun pósthólfsins og kynningu fyrir almenningi. Hver aðili ber

hins vegar ábyrgð á að forgangsraða sínu efni til birtingar í stafræna pósthólfinu ásamt innri vinnu við að koma efninu til birtingar.

Ráðuneytin hafa samhæfingar- og aðstoðarhlutverk við innleiðingu stafræna pósthólfsins hjá sínum stofnunum. Samband íslenskra sveitarfélaga gegnir sambærilegu hlutverki við innleiðingu hjá sveitarfélögum og stofnunum þeirra. Því er gert ráð fyrir að hvert ráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni tengilið fyrir innleiðingarverkefnið.

Sömuleiðis er gert ráð fyrir að hver stofnun / sveitarfélag tilnefni aðila til að verkefnastýra sinni innleiðingavinnu.

Fyrir upphaf innleiðingar, hjá hverjum innleiðingarróp (ráðuneyti og stofnunum þess, sveitarfélögum og stofnunum þeirra), boðar Stafrænt Ísland til undirbúnings- og greiningarfundar með hlutaðeigandi þar sem innleiðing hjá viðkomandi aðilum verður skipulögð og verkefnisáætlun stillt upp fyrir tímabilið.